

DRÖG

# Handbók

## við námskrárgerð

## fyrir framhaldsfræðsluaðila

1. Framsetning námskráa í framhaldsfræðslu í samræmi við námskrárgrunn

Námsþáttur settur í námskrárgrunn

Námskrá sett í námskrárgrunn

2. Til upplýsinga

Lög og reglugerð um framhaldsfræðslu

3. Gátlistar við mat á námskrám á 1. og 2. hæfniprepi

# 1. Framsetning námskráa í framhaldsfræðslu í samræmi við námskrárgrunn

*Námskrá er skilgreind sem námstilboð sem samanstendur af einum eða fleiri námsþáttum og felur í sér að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns, í og utan kennslustunda (Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu, sept. 2013).*

Gert er ráð fyrir að texti sé yfirllesinn áður en hann er settur í námskrárgrunninn.

## Yfirlit:

### 1. Titill

### 2. Lýsing

### 3. Inntökuskilyrði

### 4. Markhópur (haka við)

\_einstaklingar með stutta skólagöngu að baki

\_einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki

\_einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni

\_einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku

\_einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis

\_einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfis

### 5. Hæfniviðmið

### 6. Skipulag

### 7. Námsmat

### 8. Starfsnám

### 9. Vinnustundir, heildarfjöldi vinnustunda til að ljúka námi.

### 10. Skyldunámsþættir

### 11. Frjálst val

### 12. Grunnþættir og lykilhæfni (ekki krafist í reglugerð um framhaldsfræðslu)

Eftirfarandi er uppsetning á námskrá í vinnuumhverfi á námskrá.is

Efnisþættir settir inní námskrárgrunn. Formið leiðir vinnuna og textagerð

## Námsþáttur settur inn

NÁMSÞÁTTUR

Mínir námsþættir

Búa til námsþáttur

Skammstöfun

Námsgrein

Titill

Öll þrep 1. þrep 2. þrep 3. þrep 4. þrep

## GRUNNUPPLÝSINGAR SKILGREINA OG FLOKKA NÁMSÞÁTT

<p><b>Titill</b></p> <p>Skammstöfun</p> <p>F- _____</p> <p><b>Námsgrein</b></p> <p>a á b d e é f g h i í j k l m n</p> <p>o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö w</p> <p>almenn hönnun (ALHÖ) auðlindafræði, umhverfisfræði (UMAU) auðlindafræði (AUÐL) aðferðafræði (RANN) afbrotfræði (AFBR) Almannavarnir (ALMA) Afvélavirkjun (AVVI) Afgreiðslutækni (AFTÆ) Almenn lyfjafræði (ALME) Afgreiðsla lyfseðla (AFLY) Aflrás - grunnur (BVAF) Aðstoð við tannlækningar (AVTA) Arkitektateikning (ARKT) ARKITEKTATEIKNING (ARKT) Afskorin blóm og greinar I (ABGA) Afskorin blóm og greinar II (ABGB) Almenn ylræktun (ALYL) Auglýsingar og skiltagerð (AUSK) Aðstoð í tungumálanámi (AÐTU) Afskorin blóm og greinar (AFBG) Atvinnufræði (ATFR) arabíska (ARAB)</p> <p>Finnurðu ekki námsgreinina undir neinum bókstaf? Búa til</p> <p><b>Þrep</b></p> <p>1. þrep 2. þrep 3. þrep 4. þrep</p> <p><b>Vinnustundir</b></p> <p>1 klst.</p>	<p><b>Leiðbeiningar</b></p> <p><b>Titill:</b> Lýsandi heiti námsþáttar. Dæmi um lýsandi heiti: Samskipti, verslunarreikningur, framsögn og framkoma.</p> <p><b>Skammstöfun:</b> Auðkenni sem myndað er úr skammstöfun á námsgrein, hæfniprepi og skammstöfun á viðfangsefnum.</p> <p><b>Námsgrein:</b> Veldu úr lista til hliðar námsgrein sem lýsir því grunnsviði eða fagi sem kennt er í námsþættinum, til dæmis stærðfræði, íslenska, raflagnir, skyndihjálp. Leyfilegt er að tilgreina fleiri en eina námsgrein (aðskildar með kommu) þegar um þverfaglegan námsþátt er að ræða.</p> <p><b>Viðfangsefni:</b> Skrifaðu eða veldu úr lista til hliðar eitt til fjögur umfangsmestu viðfangsefni námsþáttarins. Aðskildu upptalninguna með kommu. Dæmi um viðfangsefni eru ritun, upplestur, stafsetning, málfræði.</p> <p><b>Vinnustundir:</b> Heildarvinnutími námsmanns í klukkustundum, í og utan kennslustunda.</p> <p><b>Þrep:</b> Námsþáttum er raðað á fjögur mismunandi hæfniprep. Með því eru dregnar fram mismunandi kröfur um þekkingu, leikni og hæfni námsmanns. Námsþáttur er tengdur við eitt hæfniprep og skal miða við að a.m.k. 75% viðfangsefna sé á því prepi.</p>
--	---

### Skammstöfun námsgreinar í áfanganúmeri

Námsþáttanúmer hefst á fjórum fyrstu bókstöfum í námsgreininni. Athugaðu að ef námsgreinin er þegar skilgreind birtast bókstafirnir efst á síðunni.

### Skammstöfun viðfangsefnis í áfanganúmeri

Viðfangsefni námsþáttar birtist í númerinu í tveimur bókstöfum. Athugaðu að ef viðfangsefnið er þegar skilgreint birtast bókstafirnir efst á síðunni.

## ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR UM NÁMSÞÁTT

Lýsing	Forkröfur (valfrjálst)	Leiðbeiningar
		<p><b>Lýsing:</b> Hér er meginatriðum námsþáttar lýst í 5-10 línum. Hafðu í huga að lýsingin þarf að vera samhljóða viðmiðum og námsmati námsþáttarins sem slegin eru inn hér á eftir.</p> <p><b>Forkröfur:</b> Hér eru tilgreindar forkröfur fyrir námsþáttinn ef þær eru til staðar, s.s. fyrra nám, aldur eða reynsla á vinnumarkaði.</p>

## VIÐMIÐ SKILGREINDU ÞEKkingAR-, LEIKNI OG HÆFNIVIÐMIÐ

<p><b>Þekkingarviðmið</b> námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>rökræða, útskýr <span style="float: right; background-color: #e67e22; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">Bæta við</span></li> </ul> <p><b>Leikniviðmið</b> námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>framkvæma, gei <span style="float: right; background-color: #e67e22; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">Bæta við</span></li> </ul> <p><b>Námsmat (valfrjálst)</b></p> <div style="border: 1px solid #ccc; height: 40px; width: 100%;"></div> <p><b>Námsmat:</b> Hér skal fjalla almennt um námsmat og námsmatsaðferðir námsþáttar. Meta þarf þá þekkingu, leikni og hæfni sem skilgreind er í námsþættinum.</p> <p>Hægt er að meta kappræður, rökræður, fyrirlestra, kynningar, rökstuðning, verklag, verkskipulag, frágang, útsjónarsemi, samskiptahæfni, ábyrgð, vinnuframlag, samviskusemi...</p> <p>Dæmi um mat er: jafningjamat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og skriflegt eða munnlegt próf.</p> <p>Ekki skal setja fram hlutfallstölur, þar sem þær upplýsingar eiga betur heima í kennsluáætlun.</p>	<p><b>Hæfniviðmið</b> námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>afla, miðla... <span style="float: right; background-color: #e67e22; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">Bæta við</span></li> </ul> <p>...sem er metið með...</p> <p>(valfrjálst) <span style="float: right; background-color: #e67e22; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">Bæta við</span></p> <p><b>Leiðbeiningar</b></p> <p>Að jafnaði er gert ráð fyrir 2-10 viðmiðum í hverjum viðmiðahóp fyrir sig.</p> <p><b>Þekkingarviðmið</b> Þekkingarviðmið segja til um þá þekkingu sem námsmaðurinn á að hafa öðlast við lok námsþáttar. Þekking tekur til staðreynda, lögmála og aðferða og er bæði fræðileg og hagnýt. Athugið að almennt námsmat námsþáttar á m.a. að endurspegla þessi viðmið.</p> <p>Að jafnaði er gert ráð fyrir 2-10 þekkingarviðmiðum sem eru skrifuð sem framhald við setninguna: námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p>
--	---

### Leikniviðmið

Leikniviðmið segja til um þá leikni sem námsmaðurinn á að hafa öðlast við lok námsþáttar. Leiknin er bæði vitsmunaleg og verkleg og felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi. Athugið að almennt námsmat námsþáttar á m.a. að endurspegla þessi viðmið.

Að jafnaði er gert ráð fyrir 2-10 leikniviðmiðum sem eru skrifuð sem framhald við setninguna: námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

Sagnorð sem vísa í leikni eru t.d. beita, skoða, nota, tala, skrifa, rita, reikna, teikna, miðla, framkvæma, smíða, stýra,...

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið segja til um þá hæfni sem námsmaðurinn á að hafa öðlast við lok námsþáttar. Hæfnin felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Þau viðmið verða að tengjast eða byggja á þekkingar- og leikniviðmiðum námsþáttar.

Hæfniviðmið geta einnig tekið til þátta eins og t.d. ábyrgðar, virðingar, víðsýni, siðferðisvitundar, sjálfstæðis, gagnrýnninnar hugsunar og faglegrar ígrundunar.

Að jafnaði er gert ráð fyrir 2-10 hæfniviðmiðum sem eru skrifuð sem framhald við setninguna: námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Sagnorð og orðasambönd sem vísa í hæfni eru t.d. afla, nýta, miðla, rökræða, útskýra, fjalla um, taka þátt, tengja ... við, vera virkur, vera ábyrgur, búa yfir, rökstyðja, gera sér grein fyrir, sýna skilning, sýna frumkvæði, gera, leysa af hendi, vinna, meta

Hæfniviðmið eiga að vera mælanleg. Hægt er að gefa upp með hvaða aðferðum eigi að meta hvert viðmið í framhaldi af textanum ... sem metið er með ...

## KENNARAUPPLÝSINGAR UPPLÝSINGAR SEM ERU AÐEINS AÐGENGILEGAR ÖÐRUM KENNURUM

Leiðbeiningar/athugasemdir fyrir aðra kennara (valfrjálst)	<b>Leiðbeiningar</b> Leiðbeiningar og athugasemdir birtast einungis kennurum og stjórnendum í námskrárgrunninum.  Hér er t.d. hægt að vísa í innihald námsþáttar og/eða benda á aðferðir sem henta sérstaklega vel við
--	---

Vista námsþáttur

Efnispættir settir inní námskrárgrunn. Formið leiðir vinnuna og textagerð

## Námskrá sett í grunninn

# GRUNNUPPLÝSINGAR

Titill:

Lýsing:

Inntökuskilyrði:

Markhópur: (hakað við)

\_einstaklingar með stutta skólagöngu að baki

\_einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni,

\_einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku

\_einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis

\_einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfis

Hæfniviðmið:

 

### Leiðbeiningar

**Lýsing** er stutt kynning á námskránni, markmiðum hennar, tengslum námsins við atvinnulíf og/eða nám í skóla og stöðu nemenda að loknu námi. Ef fyrir liggur formlegt samkomulag við framhaldsskóla um mat á námskránni til ákveðins fjölda eininga á framhaldsskólástigi kemur það fram hér

**Inntökuskilyrði** segja til um kröfur sem námsmenn þurfa að uppfylla til að geta verið skráðir í námið. Þau geta til dæmis varðað fyrri nám, aldur eða starfsreynslu á vinnumarkaði.

**Hæfniviðmið** Upptalning á viðmiðum sem endurspeglar hæfni nemenda við námslok. Þau skulu vera lýsandi þannig að námsmenn viti í upphafi að hverju er stefnt.

Skrifa skal a.m.k. þrjú viðmið í beinu framhaldi af setningunni: Að loknu námi skal námsmaður hafa hæfni til að...

Sagnorð og orðasambönd sem vísa í hæfni eru t.d. afla, nýta, miðla, rökræða, útskýra, fjalla um, taka þátt, tengja ... við, vera virkur, vera ábyrgur, búa yfir, rökstyðja, gera sér grein fyrir, sýna skilning, sýna frumkvæði, gera, leysa af hendi, vinna, meta.

Ef um er að ræða starfsnám þarf að gæta þess að hæfniviðmið taki mið af skilgreindum hæfnikröfum starfs/starfssviðs.

## ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR FREKARI LÝSING Á NÁMSKRÁNNI

Skipulag:

### Leiðbeiningar

Námsmat:

Starfsnám:

**Skipulag** lýsir sérstökum áherslum námskrárinnar. Er námið fyrst og fremst bóklegt, verklegt eða hvort tveggja? Hvernig er komið til móts við sérstakar þarfir markhópsins? Eru einhverjar sérstakar áherslur sem einkenna námið og/eða námsumhverfið svo sem samvinnunám, vinnustofur, verklegt nám, bóklegt nám, starfsþjálfun og vinnustaðanám? Einnig er skýrð aðkoma annarra fagaðila en leiðbeinenda, svo sem náms- og starfsráðgjafa, þegar svo ber undir.

**Námsmat** er almenn umfjöllun um námsmat í námskránni, almennt og/eða sértækt. Einnig kröfur um námsframvindu ef við á.

**Starfsnám** skýrir frá skipulagi og framkvæmd vinnustaðanáms og/eða starfsþjálfunar. Einnig hvort og þá hvers konar ferillbók fylgi námsmanni.

- Í **vinnustaðanámi** eru alla jafna gerðar meiri kröfur um markvissa, skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit en þegar um starfsþjálfun er að ræða.

- Í **starfsþjálfun** er lögð áhersla á að námsmenn fái tækifæri til að þjálfra frekar verkþætti og verkferla sem þeir hafa þegar fengið kennslu í.

## VINNUSTUNDIR HEILDARFJÖLDI VINNUSTUNDA TIL AÐ LJÚKA NÁMINU

### Leiðbeiningar

**Umfang námsins** er mælt í vinnustundum nemenda, þ.e. heildarvinnutími námsmanns í klukkustundum, í og utan kennslustunda.

Reiknað er með þeim tíma sem búast má við að meðalnámsmaður noti í námið.

Lágmarkstímafjöldi námskrár er 40 klst.

VINNUSTUNDIR HEILDARFJÖLDI VINNUSTUNDA TIL AÐ

40  900

klst.

# SKYLDUNÁMSÞÆTTIR

## Leiðbeiningar

**Skyldunámsþættir** námskrárinnar eru valdir hér til hliðar. Námsþáttalistinn sýnir alla námsþætti í námskrárgrunni, sem samþykktir eru og birtir af framhaldsfræðsluaðilum. Hægt er að skoða námsþætti eftir þrepaskiptingu.

Námsþættir þurfa að vera komnir í grunninn til að hægt sé að búa til námskránna.

Til að setja inn námsþátt þarf að finna hann.

Síðan eru örin notuð til að setja hann inn í námskrá og sú neðri til að taka út

The screenshot shows a web interface for managing course units. On the left, there is a table with columns for preparation hours (Þrep 1, 2, 3, 4) and a total (Samtals). The row for 'Vinnustundi' shows 0 for each category. On the right, there is a search bar for course units, a filter for preparation levels (Öll þrep, 1. þrep, 2. þrep, 3. þrep, 4. þrep), and a list of units with their respective preparation levels and codes.

	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Samtals
Vinnustundi	0	0	0	0	0

Námsþættir

Námsþættir hjá öllum fræðsluaðilum

Leita eftir titli námsþáttar

Öll þrep 1. þrep 2. þrep 3. þrep 4. þrep

Sólvarnir

50 F-ARAB1HG

Sjálfskraust

1 F-SJÁT1SJ

Tölvunotkun og tækni

1 F-UPPL1RI

Lestur

1 F-ÍSAN1LE



## FRJÁLST VAL

ANNAÐ NÁM SEM NÁMSMENN GETA VALIÐ EÐA FENGIÐ METIÐ Í STAÐ EINS EÐA FLEIRI NÁMSÞÁTTA

Er frjálst val í námskránni? Já / Nei

### Leiðbeiningar

Segja þarf til um hvort frjálst val er leyft í námskránni og gefa nánari lýsingu.

### Nánari lýsing

Frjálst val getur verið opið, t.d. félagsstarf, íþrótt- og/eða tómstundaiðkun. Það getur líka verið takmarkað við t.d. ákveðin greinasvið svo sem listgreinar, bóklegt nám eða námsþætti úr öðrum námskrám.

Nánari lýsing útskýrir frjálsta valið.

## GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI

### Leiðbeiningar

#### Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Felst í að móta ný viðfangsefni og miðla þeim, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpunarferlið stuðlar að frumkvæði, ígrundun og gagnrýnni hugsun og er því ekki síður mikilvægt en afrakstur verksins.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar felur í sér áherslu á að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.

#### Heilbrigði

Felur í sér meðvitund um góða heilsu sem er skilgreind sem líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði. Sérhver námsmaður þarf að gera sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á sjálfum sér og félagslegu umhverfi sínu.

Líkamlegt heilbrigði stuðlar að góðri heilsu og almennri velferð þar sem lögð er rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigða lífshætti.

Andlegt heilbrigði er t.d. ábyrg afstaða til eineltis og annars ofbeldis.

Félagslegt heilbrigði felur í sér jákvæða og heilbrigða samskiptahætti og félagslega virkni.

#### Jafnrétti

Felur í sér að allir geta þroskast á eigin forsendum, óháð staðháttum og félagslegum aðstæðum. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi, jafnframt því að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnræðis, jafnréttis og réttlætis.

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

#### Lýðræði og mannréttindi

Fela í sér samábyrgð, meðvitund og virkni um að móta samfélag sitt. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun.

Virkur borgari býr yfir vitund um eigin ábyrgð, lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti, mannréttindi og ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.

### **Menntun til sjálfbærni**

Felur í sér samspil umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Sjálfbærnimenntun miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur mannum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarna skiptingu þeirra.

### **Námshæfni**

Felur í sér að þekkja eigin styrk- og veikleika.

Hún felur í sér sjálfsþekkingu, þ.e. að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námhæfni beinist að fróðleiksfýsni, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þekkingu sinni, leikni og hæfni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. Hún tengist einnig getu til að tengja þekkingu og leikni við frekara nám og störf.

### **Læsi, tjáning og samskipti á íslensku**

Auðveldar virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi á Íslandi.

Læsi á íslensku höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Íslensk tunga og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

### **Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum**

Ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Hún leggur grunn að skilningi, víðsýni og virðingu. Tungumálakunnátta er lykillinn að upplýsingum og gefur aðgengi að faglegu efni á erlendum tungumálum. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

### **Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar**

Felur í sér að geta aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn hátt.

Læsi á tölur felur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar.

Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.

Læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

**Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar**  
(valfrjálst)

Unnið er með skapandi hugun og hagnýtingu þekkingar

...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Heilbrigði** (valfrjálst)

Unnið er með heilbrigði ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Jafnrétti** (valfrjálst)

Unnið er með jafnrétti ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Lýðræði og mannréttindi** (valfrjálst)

Unnið er með lýðræði og mannréttindi ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Menntun til sjálfbærni** (valfrjálst)

Unnið er með menntun til sjálfbærni ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Námshæfni** (valfrjálst)

Unnið er með námshæfni ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Læsi, tjáning og samskipti á íslensku**  
(valfrjálst)

Unnið er með læsi, tjáningu og samskipti á íslensku ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum**  
(valfrjálst)

Unnið er með læsi, tjáningu og samskipti á erlendum tungumálum ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)**Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar**  
(valfrjálst)

Unnið er með læsi, tjáningu og samskipti um tölur og upplýsingar ...

 með því að, í ná [Bæta við](#)[Vista námskrá](#)

## 2. Til upplýsinga. Lög og reglugerð um framhaldsfræðslu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vottar námskrár á grundvelli 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 8. –10. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.

Markmið með vottuninni eru að stuðla að aukinni viðurkenningu náms sem fer fram utan formlega skólakerfisins og tryggja gæði og gegnsæi námstilboða viðurkenndra fræðsluaðila í framhaldsfræðslu.

Með vottun er staðfest að námið uppfylli kröfur um skipulag, framsetningu viðmiða og námsmat. Í vottuninni felst jafnframt að viðkomandi nám hefur verið tengt við hæfniprep í íslenskum hæfniramma og námskráin birt í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fræðsluaðilar í framhaldsfræðslu sem hafa viðurkenningu sem slíkir á grundvelli laga um framhaldsfræðslu, eða aðrir fagaðilar sem ráðuneyti telur hæfa, geta sótt um vottun námskráa. Námskrár og námsþættir eru skráðir af fræðsluaðila í námskrárgrunn ráðuneytisins og úr þeim grunni sendir fræðsluaðili formlega umsókn um vottun.

Námskrá er skilgreind sem námstilboð sem samanstendur af einum eða fleiri námsþáttum og felur í sér að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns, í og utan kennslustunda.

Viðmið um gerð námskráa eru höfð til hliðsjónar af ráðuneyti við vottun þeirra.

### Lög um framhaldsfræðslu ( nr. 27 frá 2010)

#### 5. gr. Tilhögun

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs. Að jafnaði skal námsframboði háttáð þannig að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Haft skal samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr.

Hafa skal reglulegt samráð við fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga þessara um framkvæmd framhaldsfræðslunnar. Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar.

#### 6. gr. Vottun námskráa

- Gerðar skulu námskrár eða námslýsingar þar sem lýst er markmiðum framhaldsfræðslu, skipulagi námsins og inntaki.
- Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni skv. 15. gr., vottar einstakar námskrár og námslýsingar. Í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

### Reglugerð um framhaldsfræðslu (reglugerð nr. 1163, frá 2011)

#### 8. gr. Markmið vottunar

Markmið með vottun námskráa er að tryggja gæði og gegnsæi námstilboða í framhaldsfræðslu með því að staðfesta að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag, ásamt þeim sértæku kröfum sem gerðar eru með tilliti til inntaks náms og hæfni nemenda. Enn fremur að tryggja að beitt sé samræmdum viðmiðum við þróun og ritun námskráa.

#### 9. gr. Skilyrði vottunar

Námskrá skal unnin í samræmi við gæðaviðmið, sbr. 10. gr. og miðast við nám sem krefst að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns. Námskrá skal hafa að geyma:

- lýsingu á tilgangi námsins, forsendum þess og hverjum námið er ætlað,
- lýsingu á skipulagi námsins, umfangi þess og uppbyggingu miðað við þrepaskiptingu náms, sbr. 5. gr. laganna,
- lýsingu á þekkingu, leikni og hæfni sem námsmaður á að búa yfir að loknu námi,
- ákvæði um námsmat,
- upplýsingar um stöðu námsmanna að loknu námi.

#### 10. gr. Gæði og ábyrgð.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur gæðaviðmið um gerð og uppbyggingu námskráa í framhaldsfræðslu og vottar einstakar námskrár á grundvelli þeirra.

Ráðherra getur falið öðrum aðila ábyrgð á gerð og gæðum námskráa í framhaldsfræðslu sem teknar eru til vottunar.

### 3. Gátlistar við mat á námskrám á 1. og 2. hæfniprepi

#### FRAMHALDSFRÆÐSLA

#### Vottun námskrár eða námslýsinga á 1. hæfniprepi

**Heiti námskrár:**

**Umsækjandi:**

**Staðfestingarnúmer:**

**Dagsetning:**

**Málsnúmer:**

**Niðurstaða:**

Í vottun felst staðfesting á að námskráin uppfylli gæðaviðmið um gerð og uppbyggingu námskráa.

##### Viðmið um nám á 1. hæfniprepi

Námið felur í sér almenna menntun, þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni. Nám sem er skilgreint á fyrsta hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á fyrsta hæfniprep.

Nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi
- getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt
- getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk
- ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti
- ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar
- hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjærsamfélagi
- getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

	Athugasemdir
1. Er tekið fram á hvaða hæfniprepi námið er og gerð grein fyrir tengingu þess við hæfniprepið?	
2. Er gerð grein fyrir umfangi námsins?	
3. Er tekið fram hverjum námið er ætlað og tengsl þess við atvinnulíf?	
4. Er fjallað um inntökuskilyrði eða skilyrði um framvindu náms?	
5. Kemur tilgangur námsins fram?	
6. Er gerð grein fyrir markmiðum námsins?	
7. Er fjallað um nám og kennslu?	
8. Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í námskrárlýsingu?	
9. Er fjallað um skipulag námsins?	
10. Eru þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið skilgreind?	
11. Er fjallað um hvernig námsmati er háttað?	
12. Er fjallað um inntak námsins?	
13. Er fjallað um þekkingu, leikni og hæfni sem námsmaður á að búa yfir að loknu námi?	
14. Er fjallað um forsendur námsins?	
15. Er framsetning textans viðunandi?	

## FRAMHALDSFRÆÐSLA

## Vottun námskrár eða námslýsinga á 2. hæfniprepi

Heiti námskrár:

Umsækjandi:

Staðfestingarnúmer:

Dagsetning:

Málsnúmer:

Niðurstaða:

Í vottun felst staðfesting á að námskráin uppfylli gæðaviðmið um gerð og uppbyggingu námskráa.

## Viðmið um nám á 2. hæfniprepi

Námið felur í sér undirbúning undir sérhæfð störf og sérhæft aðfaranám. Nám sem er skilgreint á öðru hæfniprepi, vinnur að þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem talin eru upp hér að neðan. Þau viðmið eru höfð til hliðsjónar við gerð námslýsinga sem flokkast á annað hæfniprep.

Nemandi:

- getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt,
- getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum,
- ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis,
- býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi,
- hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu,
- getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar
- getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf

	Athugasemdir
1. Er tekið fram á hvaða hæfniprepi námið er og gerð grein fyrir tengingu þess við hæfniprepið?	
2. Er gerð grein fyrir umfangi námsins?	
3. Er tekið fram hverjum námið er ætlað og tengsl þess við atvinnulíf?	
4. Er fjallað um inntökuskilyrði eða skilyrði um framvindu náms?	
5. Kemur tilgangur námsins fram?	
6. Er gerð grein fyrir markmiðum námsins?	
7. Er fjallað um nám og kennslu?	
8. Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í námskrárlýsingu?	
9. Er fjallað um skipulag námsins?	
10. Eru þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið skilgreind?	
11. Er fjallað um hvernig námsmati er háttað?	
12. Er fjallað um inntak námsins?	
13. Er fjallað um þekkingu, leikni og hæfni sem námsmaður á að búa yfir að loknu námi?	
14. Er fjallað um forsendur námsins?	
15. Er framsetning textans viðunandi?	